

From: Jenný Steinarsdóttir <jenny.steinarsdottir@frn.is>

Sent: 17 October 2024 14:46

To: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Subject: Beiðni um tilnefningu í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks 2024-2028.

Tilvísun í mál: FRN24100116

Samband íslenskra sveitarfélaga

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir, skal félags- og vinnumarkaðsráðherra skipa samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem er samráðsvettvangur ríkisins, sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Samráðsnefndin skal skipuð tveimur fulltrúum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, einum fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytis, tveimur fulltrúum sveitarfélaga og fjórum fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Skal ráðuneytið tryggja að fatlað fólk sé í meirihluta í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumörkun í málefnum fatlaðs fólks.

Með vísan til 36. gr. laganna er hér með óskað eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa sveitarfélaga í samráðsnefndina og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr hópi notenda. Er þess óskað að 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 verði höfð til hliðsjónar en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það sé ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust við skipun þeirrar nefndar sem hér um ræðir.

Þess er vinsamlegast óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu eigi síðar en 30. október næstkomandi, ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða.

f.h. ráðherra



Jenný Steinarsdóttir, sérfræðingur / Special Advisor

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour

Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing